



## **Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir árið 2010, lesin á aðalfundi félagsins þann 11. apríl 2011 á Snæfoksstöðum.**

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 58. starfsári var með nokkuð hefðbundnu sniði, þó að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands sem haldin var á Selfossi á ágúst hafið sett mark sitt á starfsárið. Starfsvettvangur félagsins var sem fyrr Hellisskógur við Ölfusá.

Eitt árið enn var vöxtur og viðgangur trjáa mjög góður, enda var þetta enn eitt hlýinda sumarið og meðalhiti sumarmánuðina yfir meðallagi. Úrkoma var óvenju lítil þetta árið sem dró heldur úr vexti trjáa. Ársvöxtur flestra tegunda var samt vel yfir meðalvexti.

Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu.

Félagsskráin var tekin í gegn í desember 2010 og voru lagfærðar þær breytingar sem hafa orðið á síðustu árum. Ekki hafa verið sendir út greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2011, en samkvæmt félagaskrá eru 140 skráðir meðlimir í félaginu. Gert er ráð fyrir að rukkun fyrir árgjaldi 2011 og afsláttarkort Skógræktarfélags Íslands verði borið út á næstu dögum.

Aðalfundur 2010 var haldinn 7. apríl í Árvökum, húsnaði Skógræktarfélags Árnesinga á Snæfoksstöðum. Ágætis mæting var á fundinn sem bæði var auglýstur í Dagskránni og á heimasíðu félagsins. Á fundinum voru venjubundinn aðalfundarstörf. Stjórn er óbreytt þar sem að þeir sem áttu að ganga úr stjórn buðu sig aftur fram og voru endurkjörnir. Í lok fundar kynnti Þór Sigmundsson garðyrkjufraeðingur og steinsmiður frá Selfossi hugmynd að minnismerki um Júlíus Steingrímsson, eins af mestu velunnurum félagsins. Samþykkti aðalfundurinn að ganga til samninga við Þór um að smíða og setja upp minnismerkið sem að einnig er listaverk sem heitir „Hornsteinn og aðrir steinar á og við horn“ Á fundinum var boðið uppá skógarsúpu með skógarsveppum úr Grímsnesinu.

Í lok maí var undirritaður nýr og langþráður umsjónasamningur um Hellisskóg milli Sveitarfélagsins Árborgar og Skógræktarfélags Selfoss. Inn í samninginn eru komin nokkur ákvæði sem að félagið hefur vilja koma inn í samninginn til að tryggja stöðu félagsins gagnvart framkvæmdum sveitarfélagsins. Þetta á



sérstaklega við gagnvart því ef skerða á land í Hellisskógi sem að félagið hefur umsjón með. Komi til skerðingar vegna skipulagsbreytinga fær félagið greiddar bætur fyrir þá ræktun sem fram hefur farið á svæðinu og einnig fyrir þau mannvirki sem félagið hefur komið upp á áðurgreindu landi. Einnig koma þau nýmæli fram í samningnum að allir akvegir í Hellisskógi verða í umsjón sveitarfélagsins, bæði heflun og ofaniburður. Áður var bara hluti af vegakerfinu í umsjón sveitarfélagsins.

Um sumarið var jarðvegsskipt undir listaverkinu og bílaplan í trjásafni stækkað lítillega í átt að klettunum og borið í allt planið. Um verkið sá Skúli Helgason frá Bakkaverki. Einnig var bílaplan við Hellinn stækkað þannig að fleiri bílar geti lagt þar og rútur eigi auðveldara með að snúa við. Komið var með nokkra bíla af moldarblönduðum mulning úr Ingólfsfjalli sem að keyrt var í göngustíga á hjólbörum. Stígarnir voru farnir að vera efnislitlir og farnir að láta á sjá eftir mikla notkun gangandi fólks og skokkara. Klárað var að skipta út síðustu gömlum og lélegum trégöngubrúnum sem ekki náðist að skipta út árið 2009. Brýrnar hafa fúnað með tímanum og voru orðnar hættulegar. Einnig var bætti við tveimur sambærilegum brúm þar sem að bleytu var að finna. Til verksins fékk félagið ungmenni frá Umhverfiseild Árborgar. Ólafur Hákon skipulagði verkið og sá um verkstjórn á ungmennunum.

Tekið var á móti nokkrum hópum af ferðmönnum í skóginum á árinu.

Skipulögð var skoðunarferð um Helliskóg í samvinnu við Vor í Árborg 14 maí. Um tuttugu manns mættu í gönguna undir leiðsögn Björgvins Eggertssonar. Gengið var um helstu stíga í skóginum og sagt frá því sem fyrir augu bar. Í lok göngu gátu göngugestir fengið stimpil í vegabréf sem að dreift hafði verið í öll hús í Árborg.



Félagar út Rótarýklúbb

Selfoss komu í heimsókn í Hellisskóg 10. ágúst. Sagt var frá sögu félagsins og gengið um skóginn undir leiðsögn stjórnarmanna. Boðið var uppá ketilkaffi og léttar veitingar í Stóra Helli.

Mánudaginn 23. ágúst var bæjarstjórn Árborgar boðið að vera viðstödd viðhöfn í tilefni afhjúpunar á minnismerki og listaverki til minningar um Júlíus Steingrímsson í Hellisskógi. Flutti formaður stutt ávarp. *Júlíus Steingrímsson fæddist í Rvík 29 ágúst 1910. Hann stundaði nám í rafiðn í lönnskólanum í*



*Reykjavík og í Vélaskóla Íslands. Að loknu námi starfaði hann m.a. í Ljósafossvirkjun og í Rvík. Einnig stofnaði hann rafmagnsvinnustofuna Geisla í Reykjavík. Júlíus var um árabil rafveitustjóri í Keflavík. Frá 1958 var hann rafmagnseftirlitsmaður á Suðurlandi hjá Rafveitu Selfoss uns hann lét af störfum vegna aldurs.*

*Júlíus var mikill áhugamaður um trjárækt, úr ferðum sínum til Rússlands kom hann með fræ sem að hann prófaði hér heima m.a. til í garðinum sínum að Lyngheiði 10. Félagið naut krafta, velgjörðar og hugsjóna hans um árabil í því uppbyggingar starfi sem fram hefur farið í Hellisskógi. M.a má nefna að hann gaf eina milljón til félagsins 1990, fyrir þá fjárhæð var komið á legg trjásafninu í Hellisskógi. Í trjásafninu er að finna fjöldann allan af trjátegunum sem ættir sínar eiga að rekja víða um heim.*

*Júlíus lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 8 nóvember 2003. Hann ánaftaði Skógræktarfélagi Selfoss öllum eigum sínum að undanskildu bókasafni sínu, um var að ræða 18 milljóna gjöf.*

*Framlög hans munu verða félaginu hornsteinn í því ræktunar og uppbygginga starfi sem fram mun fara um ókomna tíð í Hellisskógi, félögum Skógræktarfélagsins og öðrum Árborgarbúum til góða. Minningin um Júlíus mun varðveitast í minnimerkinu / listaverki sem að Stjórn Skógræktarfélags Selfoss ákvað að reisa í minningu um hann á 100 ára afmælisárinu hans.*

Minnismerkið stendur í brekkunni upp af bílplaninu í trjásafninu. Það var svo Óskar Þór Sigurðsson fyrrverandi formaður félagsins sem afhjúpaði verkið. Að athöfn lokinni var boðið uppá ketilkaffi á bílplaninu við minnismerkið.

Umferð um skóginn heldur áfram að aukast með hverju árinu, sem er ánægjuefni fyrir skógræktarfélagið og hvatning til áframhaldandi góðra verka í Hellisskógi. Um er að ræða fólk á göngu sem er að njóta útivistar í skóglendi, skokkarar og skokkhópar þjóta um svæðið á sínum æfingum. Einnig er talsvert um hundaeigendur að viðra sig og hundinn. Allt getur þetta farið ágætlega saman. Umferð bíla er einnig talsverð, fólk að skoða sig um og eins að fara í bíltúr upp að Stóra Helli.

Akvegurinn upp með Ölfusánni og upp að gamla skurðarhliðinu við Ferjustaðinn, var hefлаður af starfsmönnum þjónustumiðastöðvar Árborgar.

Tvö vinnukvöld voru haldin í byrjun júní þar sem félagsmenn mættu og gróðursetu u.þ.b. 1100 plöntur. Vinnukvöldin voru m.a. auglýst á heimasíðu félagsins [www.hellisskogur.is](http://www.hellisskogur.is) og var þátttaka félagsmanna ágæt. Gróðursett var í suðvestur horn girðingarinnar þar sem að vegurinn á að koma inn í girðinguna hjá Einholtinu. Talsverður spölur var að ganga með plönturnar frá bílastæðinu við Hellinn og í átt að gömlu ruslahaugunum Borin var áburður á plönturnar við gróðursetningu, eins var borið á eldri gróðursetningar. Að loknum vinnukvöldunum var boðið uppá veitingar frá Guðnabakarí í Stóra Helli.

Nemendur úr Vallaskóla komu í venjubundna vögróðursetningarferð í Hellisskóg eins og undanfarinn ár, gróðursetu þau um 500 plöntur á

sérstaklega afmarkað svæði vestarlega á svæðinu þar sem nemendur úr skólanum hafa gróðursett undanfarin ár.

Við úthlutun plantna hjá Skógræktarfélagi Árnesinga þetta árið fékk Selfossdeildin plöntutegundir sem ekki hefur verið plantað mikið af hingað til í skóginum, var þeim plantað hér og þar í Hellisskóg. Einnig keypti félagið hluta af plöntum. Sjá plöntutegundir í töflu 1.

Tegund	Aldur	Bakkastærð	Framl. /kvæmi	Fjöldi
Sitkagreni Seward	2/0	Fp40	Frá Sls	920
Birki Embla	2/0	fp40	Hvammur	120
Knappareynir		fp35	Hvammur	35
Rauðgreni	2/0	Fp40	Barri	40
Gráelri		Fp35	Hvammur	70
Birki		Fp40	Yrkjusjóður	500
<b>Samtals</b>				<b>1685</b>

Tafla 1 sýnir plöntur 2010.

Þegar allt er talið var plantað um 1685 plöntur í Hellisskógi árið 2010.

Þau hnaustré sem stunginn voru upp í Hellisskógi og flutt inn í sveitarfélagið árið 2008 virðast flest spjara sig vel þó að vöxtur þeirra sé ekki mikill ennþá en gera má ráð fyrir að hann aukist stig af stígi á næstu árum.

Umhirða á trjágróðri í Hellisskógi var minni en undanfarinn ár þar sem að ýmsar aðrar kostnaðar samar framkvæmdir fóru fram á árinu. Aðeins var grisjað í þéttum trjáþyrpingum til að gefa þeim trjám sem eftir standa meira rími. Farið var með göngustígum og sagað frá þeim tré og greinar sem að hindra umferð gangandi fólks. Verkið var unnið með trjáklippum og keðjusög.

Í sumar hafði einn af velunnurum Helliskógar samband og vildi fá að léttu undir með félaginu. Hann bauðst til að bera á þá bekkir sem eru í skóginum. Sjálfur kom hann með efni og verkfæri til verksins, það er alltaf gaman að finna þann hlýhug sem að beinist að Helliskógi og skógræktarfélaginu.

Umræða um brú yfir Ölfusá hefur ekki verið mjög áberandi á árinu, en þó hefur frést úr innviðum sveitarfélagsins að vegagerðamenn teldu ekki að kostnaðarmunur milli leiðar 1 og 2 væri eins mikill og talið var í fyrstu. Þannig að upphaflega leiðin hlýtur að vera aftur orðin vænleg fyrir ráðamenn. Talsverð umræða hefur orðið um mögulega virkjunarmöguleika í Ölfusá á





árinu. Ekki hefur verið farið í gegnum það sérstaklega með félaginu hvaða áhrif þetta hefur á það svæði sem að félagið hefur umsjónasamning um.

Farið var á fund framkvæmdastjóra framkvæmdar og eignardeildar sveitarfélagsins og hann beðinn um að hefла nokkra vegi í Hellisskógi sem að farnir voru að láta á sjá. **Þrátt fyrir að skrifað hafið verið undir nýjan umsjónasamning við sveitarfélagið um að sveitarfélagið viðhaldi öllum vegum í Hellisskógi var ekki hefлаður nema sá vegur sem hefлаður hefur verið undanfarinn ár og ekkert gert fyrir hina!**

Í lok ágúst var aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Selfossi í samvinnu við Skógræktarfélag Árneseinga. Skógræktarfélag Selfoss tók að sér að bjóða aðalfundarfulltrúum í skoðunar- og skemmtiferð í Helliskóg. Gengið var frá Hótel Selfoss. Göngustjóri var Bjarni Harðarson bóksali á Selfossi. Gengið var yfir Ölfussárbrú og varð úr löng halaróa. Fyrsta stopp var hjá Guðna Ágústssyni fv. Landbúnaðarráðherra sem tók höfðinglega á móti hópnum og sagði nokkrar skemmtisögur og veitt bæði vatn og brennivín. Síðan var haldið áfram upp í Hellisskóg undir leiðsögn Bjarna sem sagði nokkrar sögur á leiðinni. Stoppað var við minnismerkið um Júlíus þar sem Björgvin Eggertsson formaður Skf. Self. sagði frá skógræktarfélaginu og starfinu í Hellisskógi. Fyrr um morguninn hafði Sveitafélagið Árborg gefið skógræktarfélaginu perutré (Olga) til að gróðursetja í Hellisskógi. Tréð gróðursetti Óskar Sigurðsson nýkringdur heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands ásamt tveimur sonum sínum. Hélt gangan að því loknu áfram í gegnum skóginn og sagði Bjarni sögur af og til. Hélt gangan áfram að Hellinum þar sem félagið bauð upp á léttar veitingar. Á bakaleiðinni var gengið með bökkum Ölfusár og fyrirhuguð brúarstæði skoðuð. Gangan tókst í alla staði mjög vel og voru um 250 manns sem gengu um skóginn í einmuna blíðu.



Í byrjun september birtist eftirfarandi frétt á heimasíðu skógræktarinnar skogur.is sem fagmálastjóri stofnunarinnar skrifaði. **Kynbætur og landval skila árangri** Á myndinni sem hér fylgir má sjá hvar skógræktar- og fuglaáhugamennirnir Örn Óskarsson og Gaukur Hjartarson standa í birkilundi í Hellisskógi við Selfoss. Báðir eru þeir vel yfir meðalhæð íslenskra karla og má af því sjá að birkið er 4-5 m hátt. Reyndar er það hæsta komið yfir sex metra.

Það sem er merkilegt við það er að Örn gróðursetti trén fyrir aðeins 11 árum síðan og þá voru þetta árgamlar bakkaplöntur. Þær hafa aldrei fengið áburð. Hér er því um glæsilegan vaxtarhraða að ræða, auk þess sem trén eru öll einstofna og óvenju beinvaxin af íslensku birki að vera.



Birkið er af yrkinu *Embla* sem er afrakstur kynbótastarfs Gróðurbótafélagsins og fræið var framleitt í gróðurhúsi í Gróðrarstöðinni Mörk.

Greinilegt er að úrvalið hefur skilað sér í mikilli vaxtargetu ekki síður en góðu vaxtarformi. Vaxtargetan næst svo fram af því að gróðursett var í mjög frjósamt land í svolitlum halla og í skjóli fyrir suðvestanátt. Óvalið birki hefði ekki náð þessum vexti á sama stað og *Embla* hefði ekki náð þessum vexti á rýrara landi.

Í janúar 2011 var send inn athugasemd við endurskoðun á náttúruverndarlögum nr.44/1999 með síðari breytingum sem hljóðaði eftirfarandi;

*Skógræktarfélag Selfoss skorar á umhverfisráðherra að draga til baka framkomin drög að lögum um náttúruvernd. Mikil ósátt er við drögin í Þjóðfélaginu og hyggilegast er að fá fleiri aðila að málinu svo að víðtæk sátt megi nást um ný lög, sem verði flestum til hagsbóta.*

F.h. Skógræktarfélags Selfoss Björgvin Örn Eggertsson formaður.

Gert er ráð fyrir að á komandi ári verða eins og undanfarinn ár vegagerð, stígagerð, uppbygging á aðstöðu og umhirða skógarins þau verkefni sem verða hvað mest aðkallandi til að bæta aðgengi og ásýnd Hellisskógar.

Núverandi stjórn þakkar félögum, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi samstarfið á liðnu ári og vonar að komandi starfsár verði félaginu heilladrjúgt í ræktarstarfinu.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,  
Björgvin Örn Eggertsson<sup>1</sup>, formaður

*Aðrir í stjórn félagsins eru: Snorri Sigurfinnsson<sup>2</sup> ritari, Örn Óskarsson<sup>2</sup> gjaldkeri, Hermann Ólafsson<sup>1</sup> og Ólafur H. Guðmundsson<sup>2</sup> varamenn.*

<sup>1</sup> Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn. <sup>2</sup> Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.